


Brothættar Byggðir

Jú víst! Kraftur í Kaldrana

Kaldrananeshreppur

Ársskýrsla 2025



Mynd: 2025 VJG



BYGGÐASTOFNUN



Vestfjarðastofa





Efnisyfirlit

Inngangur	3
Meginniðurstöður	4
Framtíðarsýn 2030.	4
Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum	5
Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn	5
Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðarlags - stöðumat	6
Yfirlit yfir styrkt verkefni	7
Fundir	7
Hugleiðingar verkefnisstjóra í lok verkefnis	8
Íbúáþing 4.-5. október.	8
Íbúafundur 11. nóvember.	9

Inngangur

Kaldrananeshreppur hóf göngu sína í verkefninu Brothættar byggðir á miðju ári 2025. Verkefnið er samstarf á milli Byggðastofnunar, Kaldrananeshrepps, Vestfjarðastofu og íbúa Kaldrananeshrepps. Verkefnisstjórn er skipuð fulltrúum þessara aðila.

Áætlað er að verkefnið vari í fimm ár til loka ársins 2030 hvað aðkomu Byggðastofnunar varðar. Á íbúáþingi sem haldið var 4. - 5. október 2025 völdu íbúar heitið *Jú víst! Kraftur í Kaldrana* fyrir verkefnið. Íbúafundur var haldinn 11. nóvember þar sem verkefnisáætlun var samþykkt. Auglýst var eftir umsóknum um styrki úr Frumkvæðissjóði Jú víst! Kraftur í Kaldrana frá 1. desember og er umsóknarfrestur til 18. janúar 2026.



Þátttakendur á seinni degi íbúáþings. Mynd KPH



Meginniðurstöður

Samvinna verkefnistjórnar er sérlega góð og hefur drifið verkefnið áfram svo það er komið, á örfáum mánuðum, í þann fasa að auglýst hefur verið eftir umsóknum um styrki í frumkvæðissjóð verkefnisins. Þátttaka íbúa hefur verið vonum framar. Fjölmargar hugmyndir voru settar fram og málefnalegar umræður sköpuðust bæði á íbúáþingi og íbúafundi. Var sérlega gaman að sjá hugmyndir grunnskólabarna sem gögnuðust vel inn í alla þá flóru hugmynda sem settar voru fram um eflingu byggðarlagsins.

Í verkefnisáætluninni sem samþykkt var 11. nóvember s.l. er framtíðarsýn íbúa í Kaldrananeshreppi sett fram, en sýnin byggir á skilaboðum frá íbúáþingi sem haldið var í byrjun október sl.

Framtíðarsýn 2030.

Samfélagið í Kaldrananeshreppi hefur nýtt sér verkefnið „Jú víst! Kraftur í Kaldrana“ til fulls og samfélagið hefur blómstrað á verkefnistímanum, bæði mannlíf og atvinnulíf. Íbúðum hefur fjölgað, m.a. með samstarfi sveitarfélags og leigufélaga. Nýtt atvinnuhúsnæði hefur einnig bæst við og búið er að gera átak í nýtingu á jarðhita í öllu sveitarfélaginu. Bæði Drangsnes og sveitabýlin í hreppnum eru til fyrirmyndar varðandi umhverfi, umgengni og viðhald eigna og hafin er skjólbeltarækt á Drangsnesi. Íbúar hafa tekið sig saman og bætt ásýnd og aðstöðu á völdum stöðum sem nýtast almenningi til útivistar og afslöppunar. Ýmis listaverk prýða nú áningarstaði í dreif- og þéttbýli. Atvinnutækifærum hefur fjölgað og með tilkomu þeirra hefur íbúum fjölgað. Sjávarútvegur er áfram grunnatvinnuvegur og hefur vaxið fiskur um hrygg, m.a. með auknum aflaheimildum og vinnslu. Við það bætist að tilraun sem gerð var til eldis og sjálfvirkra veiða í sjó hefur skilað góðum árangri og nýjum störfum. Landeldi á silungi og laxi hefur einnig náð góðri fótfestu í byggðarlaginu. Aukinn straumur ferðamanna er í Kaldrananeshrepp allt árið um kring samfara aukinni vetrarþjónustu og ferðaþjónustan er í örum vexti. Einkum er lögð áhersla á menningar- og heilsutengda ferðaþjónustu og hvers kyns útivist. Ný sprotafyrirtæki hafa litið dagsins ljós og þjónusta í nærumhverfinu hefur aukist.



Einnig er að finna í verkefnisáætluninni fjögur meginmarkmið, sem sömuleiðis byggja á skilaboðum íbúðapingsins, þau eru:

- **Fjölbreytt atvinnulíf**
- **Samheldið samfélag**
- **Öflugir innviðir**
- **Auðlindir í þágu samfélagsins**

Undir hverju meginmarkmiði eru starfsmarkmið sett fram. Mis mörg undir hverju meginmarkmiði en 65. alls. Næstu fimm árin verður unnið að markmiðunum sem íbúar hafa sett sér en þau snúa að því að efla byggð, búsetu og mannlíf í Kaldrananeshreppi. Verkefnisáætlunin verður því nokkurs konar leiðarljós í verkefninu en getur tekið breytingum eftir því sem verkefninu vindur fram.

Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum

Aðalmarkmið verkefnisins Brothættra byggða er að spornað verði við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum. Undirmerkið verkefnisins eru eftirfarandi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldersdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsöðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri verkefnisins er Valgeir Jens Guðmundsson, valgeir@vestfiridir.is

Verkefnisstjórn skipa:

Anna Björg Þórarinsdóttir, fulltrúi íbúa



Helga Harðardóttir, fulltrúi Byggðastofnunar og formaður stjórnar

Hildur Aradóttir, fulltrúi Kaldrananeshrepps

Kristján Þ. Halldórsson, fulltrúi Byggðastofnunar

Mikael Rafn L. Steingrímsson, fulltrúi íbúa

Skúli Gautason, fulltrúi Vestfjarðastofu

Verkefnisstjóri var ráðinn til starfa frá og með 25. ágúst 2025. Ráðist var í það mjög fljótlega að ákveða hvenær hentaði að halda íbúáþing og varð 4.-5. október fyrir valinu. Þar sem lítill tími var til stefnu þá var allt sett á fullt að undirbúa og auglýsa þingið. Eftir íbúáþing var unnið að verkefnisáætlun í samræmi við vilja íbúa sem mættu á fundinn. Haldinn var íbúafundur 11. nóvember þar sem farið var yfir meginmarkmið og starfsmarkmið sem verkefnisstjórn setti fram í drögum að verkefnisáætlun. Gestir fundarins fóru yfir öll markmið og starfsmarkmið og gerðu athugasemdir við einstöku markmið og/eða komu með ábendingar eftir því sem tilefni þótti til. Fundargestir samþykktu verkefnisáætlunina á fundinum og fólu verkefnisstjórn að fullgera hana að teknu tilliti til athugasemda. Var það hlutverk verkefnisstjórnar ásamt verkefnisstjóra að leggja lokahönd á verkefnisáætlunina og var hún svo birt opinberlega 1. desember. Sama dag var opnað fyrir umsóknir um styrki úr frumkvæðissjóði verkefnisins *Jú víst! Kraftur í Kaldrana*.

Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðarlags - stöðumat

Vinna er ekki hafin við starfsmarkmið verkefnisins. Gert er ráð fyrir því að hún hefjist strax í upphafi næsta árs. Í skýrslu komandi árs verður gerð grein fyrir stöðu starfsmarkmiða í töflu sambærilegri þeirri sem hér fer á eftir og þannig getur lesandi glöggvað sig á árangri sem náðst hefur í verkefninu. Verkefnisáætlunina með öllum markmiðum er að finna í verkefnisáætluninni, [hér](#).

Fjölbreytt atvinnulíf						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar

Samheldið samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Öflugir innviðir						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Auðlindir í þágu samfélagsins						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar

Yfirlit yfir styrkt verkefni

Engir styrkir til frumkvæðisverkefna hafa verið veittir enn sem komið er. Fyrsta úthlutun úr Frumkvæðissjóði Jú víst! Kraftur í Kaldrana verður á fyrri hluta árs 2026.

Fundir

Fundir verkefnisstjórnar – yfirlit/samantekt fyrir verktímabilið.

Verkefnisstjórn fundaði átta sinnum á árinu. Fyrir utan að koma saman á íbúðapingi og íbúðafundi. Voru fundir sem hér segir:

- 2025/08/25
- 2025/9/2



- 2025/9/18
- 2025/10/16
- 2025/10/23
- 2025/10/28
- 2025/10/31
- 2025/11/17

Íbúafundir – Íbúáping var haldið 4.-5. október og íbúafundur 11. nóvember.

Aðrir fundir – yfirlit/samantekt fyrir verktímabilið

- Verkefnisstjóri sótti námskeið/upphafsfund með fulltrúum Byggðastofnunnar 3. september á Sauðárkróki.

Hugleiðingar verkefnisstjóra í lok verkefnis

Verkefnisstjóri getur tekið undir niðurstöður íbúakönnunar sem Kristján Þ. Halldórsson og Helga Harðardóttir hjá Byggðastofnun framkvæmdu. En niðurstöður voru jákvæðar og segja má að þær varpi skýru ljósi á hversu mikill samtakamáttur er á meðal íbúa í samfélaginu í Kaldrananeshreppi. Þátttakendur í könnuninni svöruðu því meðal annars til í opnum spurningum að mikil samstaða, samhugur, seigla og hjálpsemi ríki í samfélaginu. Það er í raun sú upplifun sem verkefnisstjóri verkefnisins hefur af þessum fyrstu mánuðum verkefnisins. Samstarfið hefur gengið vonum framar og sést það t.d. á niðurstöðum íbúáþingsins og íbúafundar hversu góð og virk þátttaka er í upphafi verkefnisins.

Íbúáping 4.-5. október.

Húsnæðismál í víðum skilningi, bætt ásýnd og aukin nýting heita vatnsins, eru mikilvægustu viðfangsefni samfélagsins í Kaldrananeshreppi til að styrkja stöðu byggðarlagsins til framtíðar. Þannig forgangsroðuðu þátttakendur málefnum sem stungið var upp á til umræðu á íbúáþinginu. Heiti verkefnisins, *Jú víst! Kraftur í Kaldrana*, sem valið var á þinginu, endurspeglar þann kraft sem leystist úr læðingi þessa daga, með virkri þátttöku og hugmyndaauðgi íbúa úr þorpi og sveit og á fjölbreyttum aldri.

Fjölmörg mál voru tekin til umræðu á íbúáþinginu, í samtals 15 málefnaþópum og var horft til allra málefna í mótun verkefnisáætlunar. Sigurborg Kr Hannesdóttir hjá Ildi stýrði íbúáþinginu og má lesa samantekt hennar [hér](#).

Sérstök Facebook síða var stofnuð þar sem fréttir um framvindu verkefnisins eru birtar. Hægt er að skoða hana betur [hér](#). En einnig er verkefnið með heimasíðu hjá Vestfjarðastofu, sjá [hér](#) og Byggðastofnun, sjá [hér](#).



Þátttakendur á íbúáþingi. Mynd KBH

Íbúafundur 11. nóvember.

Kraftur, jákvæðni og lausnamiðun einkenndu íbúafund sem haldinn var í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Íbúar Kaldrananeshrepps fjölmenntu á fundinn þar sem á dagskrá var að fylgja eftir hugmyndum íbúa um eflingu samfélagsins sem spruttu fram á tveggja daga íbúáþingi sem haldið var í októberbyrjun. Farið var yfir meginmarkmið og starfsmarkmið með íbúum sem voru áhugasamir og lausnamiðaðir í sinni nálgun á verkefninu.



Þátttakendur á seinni degi íbúáþings. Mynd VJG

Niðurstaðan af þessum samkomum, þ.e. íbúáþinginu og íbúafundinum, var svo dregin saman af verkefnisstjórninni í fjögur meginmarkmið og 65 starfsmarkmið. Sem verða að teljast nokkuð góð afköst í jafn fámennu sveitarfélagi og Kaldrananeshreppur er. Það verður því spennandi að sjá hvernig þátttaka íbúa verður í framkvæmd þeirra starfsmarkmiða sem vonandi birtist m.a. í fjölmörgum umsóknum eftir styrkjum úr frumkvæðissjóði Jú víst! Kraftur í Kaldrana sem og þátttöku í að fylgja hverju og einu starfsmarkmiði eftir í samvinnu við íbúa og verkefnisstjórn.

Með virktum

Valgeir Jens Guðmundsson, verkefnisstjóri Jú víst! Kraftur í Kaldrana.